

Nd.

233. Frumvarp

til laga nm breyting á lögum nr. 28, 8. nóv. 1883, um að stofna slökkvilið á Ísafirði.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað 2. málgr. 2. gr. laganna komi:

Þegar eldsvoði kemur upp, eru allir verkfærir karlmenn í bænum skyldir til að koma til brunans. Þeim er skylt að hlýða fyrirskipnum yfirmannsins yfir slökkviliðinn, eða aðstoðarmanna hans, nm alt, er að því lýtur að bjarga úr eldinum, slökkva hann eða varna útbreiðslu hans.

Bæjarstjórnin semur reglugerð nm skipun slökkviliðs og nm brnnamál, er stjórnarráðið staðfestir, og má ákveða sektir, alt að 50 kr., fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Sektir renna í bæjarsjóð Ísafjarðar.

2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Með mál út af brotum gegn reglugerð þeirri, er nm er getið í 2. gr., skal farið sem opinber lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.